

## *Skil á milli leikskóla og grunnskóla*

Jóhanna Einarsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir (ritstjórar). (2013).

Á sömu leið: *Tengsl leikskóla og grunnskóla*. Reykjavík: RannUng og Háskólaútgáfan. 173 bls.

Í bókinni er fjallað um kennara í þremur leikskólum og þremur grunnskólum í Reykjavík sem tóku þátt í starfendarannsókn á tveggja ára tímabili þar sem þeir leituðust við að stefna í sömu átt með tengsl skólastiganna. Þátttakendur í rannsókninni voru leikskólakennarar og grunnskólakennarar í sex skólum, meistaranemar og rannsakendur við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og leikskóla- og grunnskólabörn í skólunum sex. Tilgangur rannsóknarinnar var að skapa vettvang fyrir samræðu og samvinnu um nám barna á mótum skólastiganna og stuðla að bættu skólustarfi. Bókin er alls níu kaflar og þar er fjallað um leikskóla og grunnskóla á sömu leið, rannsóknir sem breytingaafli, hugmyndir kennara um stærðfræðinám og leik, byggingaleik og stærðfræði, leik og nám í grunnskóla, útiuhverfið og náttúrufræði og upplifun og viðhorf kennara í rannsókninni.

### EFNI BÓKARINNAR

Starfendarannsóknin *Á sömu leið* hófst í mars árið 2009. Kennararnir sem tóku þátt í rannsókninni völdu viðfangsefni sem þeir höfðu áhuga á að þróa í samvinnu við hitt skólastigið. Allir skólarnir kusu að einbeita sér að tengslum leiks og náms og urðu viðfangsefni þrjú: Leikur og stærðfræði, leikur og byrjendalæsi og leikur, náttúrufræði og útikennsla. Í upphafskafli bókarinnar fjallar Jóhanna Einarsdóttir um starfshætti í leikskóla og grunnskóla og um hugmyndir um það hvernig megi tengja þessi skólastig og mynda samfellu í námi barna. Í 2. kafla fjallar hún síðan um rannsóknir sem breytingaafli í skólustarfi og gefur þar greinargóða mynd af starfendarannsóknum. Kaflarnir sem á eftir koma eru í skýrsluformi og greina hver og einn frá einum þætti starfendarannsóknarinnar. Þar eru fyrst skoðaðar athuganir á leik og stærðfræði og greint frá tveimur hlutum starfendarannsóknarinnar sem tengdust þeim þætti. Síðan

kemur kafla um tengsl leiks og læsis og loks er kafla um úttíumhverfi í náttúrufræðinámi ungra barna. Þessir fjórir kaflar eru, eins og áður er getið, skrifaðir sem fjórar skýrslur. Hver skýrsla hefst á fræðilegum hluta þar sem vitnað er í rannsóknir og fræðimenn. Síðan er rannsóknarþættinum lýst, þá kemur samantekt og umræða um rannsóknina og loks er heildarsamantekt eða niðurstöður. Rækileg heimildaskrá fylgir hverjum kafla.

Allir kaflarnir skilja eftir vangaveltur og spurningar hjá lesandanum. Til dæmis birtist þarna óvissa kennara um að nám sé nógu markvisst ef leikur er nýttur sem kennsluáferð. Einnig virðist sem hugmyndir kennaranna um hlutverk leiksins í grunnskóla séu allt aðrar en um leik í leikskóla (bls. 109). Þessar vangaveltur eru áhugaverðar og þess virði að skoða þær nánar.

Þessir kaflar eru kannski ekki auðlesnir og fyrir almennan lesanda ekki aðgengilegt lestrarefni en þeir sýna mjög vel hvernig á að skrifa skýrslur og ættu að nýtast öllum sem hafa áhuga á að gera starfendarannsókn. Bókinni lýkur á þremur köflum um viðhorf og upplifun kennaranna af rannsókninni. Þar kemur fram að kennararnir voru upp til hópa ánægðir með þátttökuna í starfendarannsókninni. Þeim fannst gott að fá tækifæri til faglegrar vinnu og faglegrar umræðu um þessi mikilvægu skil á milli skólastiga. Það kom þeim á óvart að ekki væri meira mál að taka þátt í starfendarannsókn en aftur á móti kemur fram hjá þeim öllum að þeir fundu fyrir álagi, t.d. í sambandi við skipulagningu tímans. Oft og tíðum reyndist erfitt að finna sameiginlegan tíma til funda og faglegrar umræðu.

Í lok bókarinnar kemur fram að kennurum fannst vinnan með kennurum af hinu skólastiginu dýrmæt, kennarahóparnir kynntust betur aðstæðum hvor annars og mynduðu góð tengsl sín á milli. Það gerði alla samvinnu í tengslum við skólaskiptin auðveldari (bls. 172).

## AÐALÞEMA BÓKARINNAR, LEIKURINN

Leikurinn er aðalþema bókarinnar enda eitt af þeim markmiðum sem kennararnir ákváðu að hafa að leiðarljósi. Það kemur vel fram í þessari starfendarannsókn að viðhorf kennaranna til leiksins í leikskólunum og grunnskólunum eru mjög ólík (sjá t.d. bls. 109). Samkvæmt rannsókninni nota grunnskólakennararnir meira kennslufræðilegan leik og eiga erfiðara með að nýta sér frjálsan leik barnanna sem kennsluáferð. Leikskólakennurunum er tamara að nýta leikinn sem áferð en virðast stundum eiga erfitt með að blanda sér í leik barnanna og eru jafnvel óvissir um hvenær það sé viðeigandi. Höfundar benda á að þessi tvenns konar viðhorf samræmist tveimur andstæðum kennslufræðilegum viðhorfum til leiksins sem Dewey hefur bent á. Annars vegar er nálgun leikskólans út frá barninu sjálfu, áhugasviði þess og sjálfsskilningi og heildarsýn á nám þess og þroska og hins vegar nálgun sem mótast af því námsefni eða þeim námsgreinum sem grunnskólar hafa tekið mið af og eru að miklu leyti þekkingarmiðaðar og kennarastýrðar (bls. 108). Það má segja að þessar niðurstöður komi ekki svo mjög óvart þar sem munur hefur verið á áherslu á leikinn í aðalnámsskrám leik- og grunnskóla og einnig í kennaranámi leik- og grunnskólakennara. Hins vegar ættu þær

að vekja okkur til umhugsunar um mikilvægi leiksins í skólastarfi beggja skólastiganna og að margar hliðar eru á leikforminu sem allar eru börnum mikilvægar í námi. Í leik fær barn að njóta þess sem það kann. Hann er lífstjáning barnsins og leið þess til að læra.

## VANGAVELTUR HÖFUNDA GREINARINNAR

### Gunnþór <sup>1</sup>

Við lestur bókarinnar fann ég margt sem getur gagnast mér í vinnu minni sem skólustjóri leik- og grunnskóla og við þróun hans, með það markmið að skapa samfellu í námi barna. Eins og kemur fram á bls. 11 er menning leikskóla og grunnskóla töluvert mismunandi, t.d. ólík námskrá og kennsluaðferðir, og umhverfið eða umgjörðin eru ólík. Eins eru sérstök lög og reglugerðir um skólastigin. Þó svo að á Íslandi sé nú sameiginlegur kafli um skólastigin (leik- og grunn-) í aðalnámskrám og leikskólinn sé viðurkenndur sem fyrsta skólastigið eru vissulega önnur lögmál sem gilda um skóla- skylduna á grunnskólastigi.

Í Árskógarskóla er umgjörðin ekki ólík milli skólastiganna, heldur sú sama þar sem allur skólinn er undir saman þaki og einn skólustjóri. Félagslegt samhengi er einungis lagalegt, þ.e. þjónusta leikskólastigs gagnvart foreldrum og lagaleg skóla- skylda grunnskólastigs gagnvart nemendum. Við kjósum að horfa á þetta í samhengi: Skólinn sinnir öllum með námi og þroska sem fæst með leik, fjölbreytni í kennslu- háttum og aðstæðum til náms úti og inni. Allar upplýsingar um hvern nemanda eru aðgengilegar kennurum á báðum skólastigum og þannig er sífellt byggt á fyrra námi og reynslu. Það þarf ekki kynningu á grunnskólanum fyrir börnin þegar þau komast á grunnskólaaldur hjá okkur heldur er í skólanum gagnkvæm blöndun og samspil þar sem aðferðum leik- og grunnskólans er blandað saman. Það besta og það sem er talið það heppilegasta hverju sinni er valið svo sem flestir njóti sín í leik og námi samkvæmt þroska en ekki árgangi.

Við lestur bókarinnar sá ég aukin tækifæri til að kenna stærðfræðihugtök með kubbaleik í vinnu með nemendum á mótum skólastiganna, þ.e. elsta árgangi leik- skólastigs og 1. bekk. Þessir hópar eru saman einu í viku í samkenndu með áherslu á samtvinnað leikskóla- og byrjendalæsi. Í 3. og 4. kafla er fjallað um hugmyndir kennara um stærðfræðinámi og leik og byggingaleik í stærðfræðinámi. Þeir kaflar eru gott innlegg í þá samræðu sem leik- og grunnskólakennarar eru í og ákveðin leið til að skapa sameiginlega sýn og faglega orðræðu á mótum skólastiganna.

### Hrund <sup>2</sup>

Frá útskrift úr Kennaraháskóla Íslands árið 1997 hef ég starfað í fjórum grunnskólum og einum leikskóla. Í fyrstu starfaði ég sem yngsta stigs kennari í grunnskóla og þá vann ég að því að skapa samfellu milli skólastiganna tveggja. Síðar hef ég starfað sem deildarstjóri yngra og eldra stigs, verið stjórnandi leikskóla og nú er ég skólustjóri.

Samstarf leik- og grunnskóla hefur alla tíð verið mér hugleikið og ég hef lagt áherslu á það í þeim skólum þar sem ég hef unnið að leggja rækt og alúð við það samstarf. Leiðin sem farin var í starfendarannsókninni *Á sömu leið* er að mörgu leyti áhugaverð og skemmtileg nálgun. Starfendarannsóknin gefur tilefni til að bera vel saman starfshætti grunn- og leikskólakennara og velta vöngum yfir mismunandi aðferðum í vinnu með fimm og sex ára börn á þessum tveimur skólastigum. Í 1. kafla bókarinnar veltir Jóhanna Einarsdóttir fyrir sér hugmyndafræði leik- og grunnskóla og bendir á þá þróun sem orðið hefur víða um heim að færa skyldubundið nám niður á leikskólaaldurinn og jafnvel svo að markmið grunnskólans í kennslu og námi og starfshættir færast allt niður að fjögurra ára aldri. Í þessari þróun hefur ekki verið tekið tillit til áherslna í starfsháttum leikskólanna. Eins bendir hún á að í samvinnu leik- og grunnskóla á Íslandi hafi oftast en ekki falist að laga leikskólabörnin að grunnskólanum. Mun fátíðara virðist vera að leikskólakennarar veiti grunnskólakennurum upplýsingar um starfshætti leikskólanna eða að grunnskólakennarar leiti eftir þeirri vitneskju (bls. 16).

Hrafnagilsskóli og leikskólinn Krummakot eru samreknir að hluta og á milli skólanna er góð samvinna. Hins vegar hefur ekki enn verið ákveðið hvort móta skuli einn skóla með tveimur skólastigum og á meðan eru þetta því tvær stofnanir með tveimur starfsmannahópum. Mér finnst virkilega áhugaverð sú leið sem ýmsir skólar hafa farið, að vera með þessi tvö skólastig í einum og sama skólanum, en þá þarf að yfirstíga hindranir sem felast m.a. í tveimur ólíkum kjarasamningum, ólíkum viðhorfum til starfshátta í leik- og grunnskóla og ýmsum öðrum þáttum sem koma fram í starfendarannsókninni, eins og t.d. ólíkum viðhorfum til leiksins sem kennsluáðferðar. Til að slíkur skóli nái að verða heildstæður þarf að skapa heildstæða hugmyndafræði fyrir bæði skólastigin.

## ATHUGASEMDIR

- 1 Árskógarskóli er nýr skóli á gömlum merg, stofnaður 1. ágúst 2012, samþættur og samrekninn leik- og grunnskóli með einn skólastjóra og deildarstjóra sem er leikskólakennari. Í skólanum eru ríflega 40 nemendur og 14 starfsmenn í rúmum 9 stöðugildum. Nemendur eru á aldrinum 9 mánaða til og með 7. bekk grunnskólastígs (13 ára).
- 2 Í Hrafnagilsskóla eru um 180 nemendur og um 40 starfsmenn. Leikskólabörn í Krummakoti eru rúmlega 50 og starfsmenn þar 16. Dagheimili tók til starfa haustið 1987, rekið af Hrafnagilshreppi, en frá árinu 1992 hefur Krummakot verið rekið sem heilsárs leikskóli. Árið 1992 var skólalaldur í Eyjafjarðarsveit sameinað undir eina stjórn að Hrafnagili.

## UM HÖFUNDANA

*Hrund Hlöðversdóttir* (hrund@krummi.is) er skólastjóri Hrafnagilsskóla í Eyjafjarðarsveit. Við skólann eru bæði grunnskóladeild og leikskólinn Krummakot sem er samekinn grunnskólanum að hluta. Grund lauk B.Ed.-prófi frá Kennaraháskóla Íslands árið 1997 og M.Ed.-prófi með áherslu á stjórnun menntastofnana frá Háskólanum á Akureyri árið 2011. Hún var deildarstjóri við Hamraskóla og Víkurskóla í Reykjavík og Lundarskóla á Akureyri og síðar aðstoðarleikskólastjóri Krummakots veturinn 2011–2012.

*Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson* (gunnthore@dalvikurbyggd.is) er skólastjóri Árskógar-skóla í Dalvíkurbyggð. Gunnþór lauk B.A.-prófi í mannfræði frá Háskóla Íslands 2007, B.Ed.-prófi 2008 frá Háskólanum á Akureyri og M.Ed.-prófi með áherslu á stjórnun menntastofnana frá sama skóla árið 2012. Gunnþór hefur leyfisbréf til að kenna á leik- grunn- og framhaldsskólastigi. Gunnþór kenndi áður við Lundarskóla og Naustaskóla á Akureyri. Meistaraprófsrannsókn hans fjallaði um viðhorf kennara í grunnskólum Akureyrar til hlutverka, hæfni og einkenna góðs skólastjóra til forystu í lærdómssamfélagi.